

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 224/1995 um leigubifreiðar með síðari breytingum.

1. gr.

2. tölul. 1. mgr. 4. gr. orðist svo:

Hafa ekki verið dæmdir til refsivistar eða framið alvarleg eða ítrekuð brot á lögum og reglugerðum sem um starfsgreinina gilda; hafi brot verið smávægilegt eða langt er um liðið frá því að brot var framið getur umsækjandi þó öðlast leyfi til leiguaksturs.

2. mgr. 11. gr. orðist svo:

Samgönguráðherra setur reglur um undanþágur samkvæmt 1. mgr. að fengnum tillögum umsjónarnefnda og félags eða félaga bifreiðastjóra. Reglurnar skulu birtar í B-deild Stjórnartíðinda.

2. gr.

1. másl. 3. mgr. 11. gr. orðist svo:

Félög bifreiðastjóra skulu annast framkvæmd á veitingu undanþága fyrir sína félagsmenn í samráði við umsjónarnefnd.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í lögum nr. 61/1995 um leigubifreiðar, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 28. október 1999.

Sturla Böðvarsson.

Jóhann Guðmundsson.

REGLUR

um breytingu á reglum um tímabundnar undanþágur frá akstri eigin bifreiðar nr. 492/1997 með síðari breytingum.

1. gr.

1. gr. orðist svo:

Bifreiðastjórafélögunum Andvara, Átaki og Frama er falið að sjá um framkvæmd og eftirlit með undanþágum leyfishafa frá akstri eigin bifreiðar á höfuðborgarsvæðinu. Höfuðborgarsvæðið telst Reykjavík, Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Bessastaðahreppur. Bifreiðastjórafélögin skulu leggja fram félagaskrár sínar til umsjónarnefnda fólksbifreiða á viðkomandi svæði og skulu að lágmarki tíu bifreiðastjórar vera meðlimir í viðkomandi bifreiðastjórafélagi á höfuðborgarsvæðinu.

Bifreiðastjórafélögunum Fylki og Frey er falið að sjá um framkvæmd og eftirlit með undanþágum leyfishafa frá akstri eigin bifreiðar í Reykjanesbæ, Höfnum, Miðnes-, Gerða- og Vatnsleysustrandahreppi.

Bifreiðastjórafélaginu Faxe er falið að sjá um framkvæmd og eftirlit með undanþágum leyfishafa frá akstri eigin bifreiðar í Árborg.